

LEIÐBEINANDI ERINDISBRÉF
fyrir aðstoðarmenn ráðherra
skv. 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011.

1. gr.

Aðstoðarmaður ráðherra heyrir beint undir ráðherra. Meginhlutverk aðstoðarmanns ráðherra er að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Að öðru leyti ber aðstoðarmanni að sinna verkefnum sem honum eru falin af ráðherra innan ramma laga og reglna sem gilda um starfsemi Stjórnarráðsins.

2. gr.

Aðstoðarmaður skal hafa samráð við ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðra starfsmenn eftir atvikum og tryggja þannig góða samvinnu vegna þeirra verkefna sem honum eru falin af ráðherra. Ef verkefni, sem ráðherra felur aðstoðarmanni, varða meðferð stjórnarmálefna sem heyra undir ráðuneytið skal málið kynnt ráðuneytisstjóra og koma til umfjöllunar á viðeigandi skrifstofu ráðuneytisins, í samræmi við skipurit, ef við á.

Ráðuneytisstjóri skipuleggur og getur sett reglur um það með hvaða hætti samskipti aðstoðarmanna við skrifstofur ráðuneytis skuli fara fram.

3. gr.

Aðstoðarmenn ráðherra eru í störfum sínum bundnir af lögum og reglum sem gilda um störf í Stjórnarráði Íslands, og öðrum starfsreglum sem einstök ráðuneyti hafa sett sér, nema sérstaklega sé kveðið á um annað.

4. gr.

Aðstoðarmanni er óheimilt að rita undir eða afgreiða endanlega með öðrum hætti stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra, sbr. lokamálslið 2. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Með stjórnvaldserindi er m.a. átt við almenn stjórnvaldsfyrirmæli, stjórnvaldsákvarðanir og önnur erindi þar sem komið er fram fyrir hönd ráðherra og ráðuneytis gagnvart almenningi eða öðrum stjórnvöldum í krafti opinbers valds.

Aðstoðarmaður hefur ekki boðvald yfir embættismönnum eða starfsmönnum ráðuneytis.

5. gr.

Aðstoðarmaður er í starfi svo lengi sem ráðherra ákveður, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur, sbr. lokamásl. 1. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Um laun og starfskjör aðstoðarmanna ráðherra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs um kjör skrifstofustjóra, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Aðstoðarmaður ráðherra á rétt á biðlaunum í þrjá mánuði eftir að hann lætur af starfi. Hafi aðstoðarmaður áður verið ríkisstarfsmaður á hann rétt á að hverfa aftur til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins. Þiggi fyrrverandi aðstoðarmaður ráðherra laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna fyrri starfa sinna sem aðstoðarmaður skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

6. gr.

Erindisbréfið er sett í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Erindisbréfið gildir frá þeim degi sem það er undirritað og þar til ráðherra ákveður annað eða aðstoðarmaður lætur af störfum.

Í forsætisráðuneytinu, 18. apríl 2016